



## Stofnfundur Samtaka vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda, 18. nóvember 2021

Fundargerð

16:00 í Háalofti, Hörpu

---

### Viðstaddir:

- Auður Nanna Baldvinsdóttir, Iðunn H2 (ANB)
- Tryggvi Þór Herbertsson, Qair Iceland ehf (TPH)
- Hallmar Halldórsson, Clara Arctic Energy (HH)
- Eyjólfur Lárusson, Carbon Iceland (EL)
- Aðrir gestir sem ekki fara með atkvæðisrétt
- Starfsmenn SI

- 
1. Fundur settur kl. 16.06. Auður Nanna Baldvinsdóttir, ein af stofnendum Iðunnar H2, opnar fundinn fyrir hönd undirbúningshóps um stofnun samtaka innan SI fyrir framleiðendur vetnis- og rafeldsneytis. ANB fer yfir aðdraganda stofnunar undirbúningshóps, markmið og áherslur.
  2. ANB tilnefnir fundarstjóra og ritara.
    - Lárus M. K. Ólafsson, viðskiptastjóri hjá SI, kjörinn fundastjóri.
    - Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði, kjörin fundarritari.
  3. LMKÓ fer yfir fyrirkomulag varðandi kosningar á stofnfundi. Atkvæðisrétt hafa stofnaðilar sem eru fjórir talsins. Stjórn SI hefur samþykkt starfsemi þessa starfsgreinahóps innan SI á stjórnarfundi.
  4. Starfsreglur samtakanna liggja fyrir fundinum. Bornar upp til samþykktar.
    - Samþykkt einróma.
  5. Stjórnarkjör:
    - Í framboði til formanns til tveggja ára er Auður Nanna Baldvinsdóttir frá Iðunni H2.
    - Í framboði til meðstjórnanda til tveggja ára eru Eyjólfur Lárusson frá Carbon Iceland ehf., Hallmar Halldórsson frá Clara Arctic Energy ehf. og Tryggvi Þór Herbertsson frá Qair Iceland ehf.
    - Stjórn telst sjálfkjörin.
    - Stofnaðilar eru fjórir og hver þeirra er með fulltrúa í stjórn.



- ANB fær orðið og útskýrir hvernig skipað var í stjórnina en í henni sitja fulltrúar ólíkra fyrirtækja sem búa yfir ólíkri þekkingu, sérfræðiþekking er mikil innan stjórnar sem þörf er á til þess að drífa umræðu um málaflokkinn áfram á réttum grunni.
  - TÞH segir skipað í stjórnina með hraði til þess að ýta vinnunni í gang en leggur áherslu á að samtökin munu taka breytingum. Hann býður alla velkomna í samtökin sem starfa í rafeldsneytis- og vetnisframleiðslu og segir samtökin munu vinna þétt með samstarfsaðilum sínum og SI í orkumálum.
6. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, kemur í pontu og býður aðildarfélögin velkomin. Hann segir samlegðina milli SI og starfsemi vetnis- og rafeldsneytisframleiðenda vera mikla enda snýst hún um eflingu iðnaðar, innviðafjárfestingar sem þarf að ráðast í og umhverfis- og orkumálin sem eru grundvallaratriði í stefnu SI.
  7. LMKÓ ítrekar vilja allra aðila til samstarfs sem er mikilvæg forsenda þess að ná árangri í þessum efnunum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:22.